



HEIMSREISA KOLUMBUS
UM SUÐURHVEL JARÐAR
MED EINKAÞOTU LOFTLEIÐA

4.–31. mars 2027

KOLUM**BUS**

ÆVINTÝRAFERÐIR

HEIMSREISA KOLUMBUS 2027 – 14 flugferðir og rúmar 70 klst. í háloftunum

4.–31. mars 2027

Kolumbus ævintýraferðir bjóða nú í annað sinn upp á hnattferð með sérinnréttaðri einkapötu þar sem fyrsta flokks þægindi eru í fyrirrúmi bæði á flugi og á landi.

Lagt verður af stað frá Keflavík að morgni 4. mars 2027 og komið til baka að kvöldi 31. mars.

Ferðast verður umhverfis jörðina, mestmegnis um Suðurhvel jarðar með Magna TF-FIC, 50 sæta sérinnréttaðri Boeing-757-200 þotu Loftleiða.


Gist verður á 5 stjörnu hótelum á öllum áfangastöðum. Íslensk áhöfn annast flugið og fyrsta flokks þjónustu um borð þar sem allar veitingar eru innifaldar og allir réttir matreiddir af íslenskum matreiðslumeisturum meðan á fluginu stendur.

Viðkomustaðir eru alls 12 í 10 löndum í 5 heimsálfum en þeir eru; **Cabo Verde** (Grænhöfðaeypjar), **Igúazú fossar**, **Rio de Janeiro**, **Buenos Aires**, **Santiago**, **Páskaeyja**, **Tahiti**, **Auckland**, **Sydney**, **Singapore**, **Sri Lanka** og **Nairobi** þaðan sem flugið verður til Íslands 31. mars með viðkomu í Aþenu.

Hér er um einstakan viðburð að ræða þar sem aðeins eru 50 sæti í boði en þekktar erlendar ferðaskrifstofur á borð við **Abercrombie & Kent** og **National Geographic** hafa boðið sambærilegar lúxusferðir í vaxandi mæli á undanförunum árum.



GRÆNHÖFÐAEYJAR




BRASILÍA



ARGENTÍNA



CHILE



PÁSKAEYJA



TAHITI



NÝJA-SJÁLAND




ÁSTRALÍA



SINGAPÚR



SRÍ LANKA



KENÍA

HEIMSREISA KOLUMBUS 2026 – Flugleiðirnar





BOEING-757-200 ÞOTA LOFTLEIÐA

Magni TF-FIC er ein af þremur þotum í flugflota Loftleiða sem er hönnuð með lúxusinnréttingu fyrir 50 farþega auk áhafnar og starfsfólks. Sætin eru svokölluð „lie-flat“ þ.e. hægt er að breyta þeim í rúm þar sem ábreiður og koddar fylgja hverju sæti þannig að farþegar geti lagt sig í langflugi.


Rekstur þotunnar er tryggður af Icelandair, móðurfélagi Loftleiða. Farþegar njóta gestrisni og sérstakrar þjónustu áhafnar meðan á flugi stendur þar sem fyrsta flokks veitingar eru í boði, þ.m.t. sérelldaðir réttir og drykkir af bestu fáanlegu tegundum.



BOEING-757-200 ÞOTA LOFTLEIÐA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



4. mars 2027

GRÆNHÖFÐAEYJAR SAL

Sal er ein vinsælasta eyjan á Grænhöfðaeyjum og er staðsett í norðausturluta eyjaklasans í Atlantshafi. Hún er þekkt fyrir sólríkt og stöðugt veður allt árið um kring. Hér verður dvalið eina nótt fyrst og fremst til að taka eldsneyti og síðan haldið áfram ferðinni daginn eftir. Alþjóðaflugvöllur er á eyjunni sem gerir hana að helstu aðkomuleið ferðamanna til Grænhöfðaeyja.

Hótel

Hotel Hilton Sal

Áætlaður flugtími

7 klukkustundir og 24 mínútur



Bærinn og ströndin Santa María á eyjinni Sal, Capo Verde.



GRÆNHÖFÐAEYJAR

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



★★★★★

HOTEL HILTON SAL

GRÆNHÖFÐAEYJAR

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



5.–6. mars 2027

BRASILÍA IGUAZÚ FOSSAR

Þessir heimsþekktu fossar liggja á landamærum Argentínu og Brasilíu og eru á heimsminjaskrá **UNESCO** sem eitt af undrum veraldar. Þetta eru í raun 275 fossar sem dreifast yfir 80.000 hektara svæði þar sem frumskógur teygir sig í allar áttir eins langt og augað eygir og þjóðgarðar beggja landa mætast. Við lendum á flugvellinum Brasilíumegin og upplifum ævintýri bæði við göngu að fossunum eftir að flestir ferðamenn hafa yfirgefið svæðið við lokun dags og eins í bátsferð upp að fossunum daginn eftir.

Hótel

Belmond Cataratas

Innifalin afþreying

Gönguferð um fossana, bátsferð og kvöldverður

Áætlaður flugtími

7 klukkustundir og 50 mínútur



Iguazú fossarnir liggja á landamærum Argentínu og Brasilíu.



BRASILÍA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR




★★★★★

BELMOND CATARATAS

BRASILÍA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



BRASILÍA RIO DE JANEIRO

Rio de Janeiro, staðsett í suðausturhluta Brasilíu er fræg fyrir töfrandi náttúru og líflega menningu. Þekkt sem „Cidade Maravilhosa“ eða Undursamlega borgin. Borgin er heimkynni tveggja helstu kennileita sem hafa orðið tákn hennar á heimsvísu, **Kristsstyttunnar** (Cristo Redentor) og **Sykurtoppsins** (Sugarloaf). Strendur hennar, eins og **Copacabana** og **Ipanema**, laða að gesti víðsvegar að úr heiminum. Rio er heillandi blanda af stórbrotinni náttúru, ríkri sögu og orkuríku borgarlífi.

Hótel


Copacabana Palace

Innifalin afþreying

Skoðunarferðir á Sykurtoppinn og Corcovado fjall (Kristsstyttan)
Skemmtikvöld á Roxy Music Show með kvöldverði og danssýningu

Áætlaður flugtími

1 klukkustundir og 50 mínútur



Kristsstytan og Rio de Janeiro.



BRASILÍA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



★★★★★

COPACABANA PALACE

BRASILÍA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



9.-12. mars 2027

ARGENTÍNA BUENOS AIRES

Buenos Aires, höfuðborg Argentínu, er staðsett við vesturströnd Río de la Plata.

Borgin er þekkt fyrir ríkan menningararf sinn og er miðstöð tangótónlistar og dansa, litríkra götulistu og matargerðar á heimsmælikvarða. Helstu kennileiti eru m.a. heillandi fjölmenningshverfi **Caminito í La Boca**, **Teatro Colón**, eitt virtasta óperhús heims og glæsilega **Plaza de Mayo**. Buenos Aires sameinar evrópskan glæsileika með suðuramerískri ástríðu og býður upp á einstaka og ógleymanlega upplifun.

Hótel

Alvear Palace Hotel

Innifalin afþreying

Skoðunarferð um Buenos Aires

Tangósýning ásamt kvöldverði

Áætlaður flugtími

3 klukkustundir og 30 mínútur



Plaza de Mayo í Buenos Aires.



ARGENTINA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



★★★★★

ALVEAR PALACE HOTEL

ARGENTÍNA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



12.–15. mars 2027

CHILE SANTIAGO

Santiago, höfuðborg Chile, er staðsett í miðhluta Chile, í Santiago dalnum, umkringd hinum tignarlegu **Andesfjöllum**. Borgin er menningarmiðstöð, þekkt fyrir söfn sín, leikhús og líflega matargerðarsenu. Helstu kennileiti eru sögulega **Plaza de Armas**, **Cerro San Cristóbal** sem býður upp á stórkostlegt útsýni, og nútímaleg háhýsi fjármálahverfisins. Santiago sameinar mikla sögu með líflegt, heimsborgaralegt andrúmsloft og er því heillandi áfangastaður.

Hótel

Mandarin Oriental

Innifalin afþreying

Skoðunarferð um borgina við forsetahöllina
Sólarlagsútsýni í Sky Costanera
Dagsferð til Valparaíso

Áætlaður flugtími

1 klukkustund og 37 mínútur



CHILE

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



★★★★★


MANDARIN
ORIENTAL



CHILE

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



15.–16. mars

PÁSKAEYJA

Páskaeyja er eyja í Suður-Kyrrahafi sem tilheyrir Chile. Eyjan er 3.526 km frá meginlandinu og 2.075 km frá næstu byggðu eyju, Pitcairn. Íbúafjöldi er 5.806 og af þeim búa 3.791 í höfuðborginni Hanga Roa. Eyjan er fræg fyrir stórar steinstyttur sem eru um fjögurra alda gamlar. Þær eru 887 talsins á eyjunni. Þangað hefur marga dreymt um að koma en eyjan er lengst út í Kyrrahafi og því eiga fáir leið um.

Hótel

Nayara Hangaroa

Innifalin afþreying

Moai stytturnar – kvöldverður

Áætlaður flugtími

5 klukkustundir og 18 mínútur



Moai stytturnar.



PÁSKAEYJA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR




★★★★★

NAYARA HANGARÓA

PÁSKAEYJA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



16.–18. mars 2027

TAHITI FRANSKA PÓLONESIA

Tahítí, stærsta eyjan í Frönsku Pólýnesíu, er staðsett í Suður-Kyrrahafinu.

Þekkt fyrir stórkostlegt landslag býður eyjan upp á gróskumikil fjöll, kristaltært vatn og fallegar strendur. Menning Tahítí er rík af hefðbundinni tónlist, dönsum og listum, sérstaklega líflegum *ote'a* dansi. Meðal áhugaverðra staða eru lífleg höfuðborgin **Pape'ete**, kyrrlátar svartar sandstrendur **Arue** og stórbrotnu fossarnir í **Fautaua** dalnum.

Hótel

Hilton Tahiti

Innifalin afþreying

Bátsferð við komu ásamt veitingum

Áætlaður flugtími

6 klukkustundir




Morgunbirta Pape'ete.



TAHITI

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



★★★★★

HILTON TAHITI

TAHITI

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



19.–21. mars 2027

NÝJA-SJÁLAND AUCKLAND

Auckland, staðsett á Norðureyju Nýja-Sjálands, er stærsta og fjölbreyttasta borg landsins, þekkt sem „Borg seglanna“. Hún er fræg fyrir stórkostlegar hafnir, lífluga listasenu og fjölmenningslegt andrúmsloft. Helstu kennileiti eru táknræna **Sky Tower**, **Auckland War Memorial Museum** og nálæga **Waiheke**-eyjan. Auckland sameinar nútímalegt borgarlíf við náttúrufegurð og býður bæði upp á menningarlega upplifun og útivist.

Hótel

Intercontinental

Áætlaður flugtími

5 klukkustundir og 47 mínútur

Lagt er af stað frá Tahiti þann 18. mars en á leiðinni er flogið yfir daglínuna og komið til Auckland þann 19. mars.



Auckland, New Zealand.



NÝJA-SJÁLAND

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



★★★★★

INTERCONTINENTAL



NÝJA-SJÁLAND

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



21.–24. mars 2027

ÁSTRALÍA SYDNEY

Sydney, staðsett við austurströnd Ástralíu, er þekkt fyrir sín táknrænu kennileiti og líflega menningarsenu. Borgin er fræg fyrir **Sydney óperuhúsið**, **Sydney Harbour Bridge** og fallegar strendur eins og **Bondi** og **Manly**. Fjölmenningarlegt andrúmsloft Sydney endurspeglast í fjölbreyttri matargerð, listum og hátíðum. Fullkomin blanda af borgarlífi, náttúru og táknrænni byggingarlist, Sydney býður gestum upp á einstaka upplifun.

Hótel

Capella Sydney

Innifalin afþreying

Kvöldverður við höfnina

Skoðunarferð um Óperuhúsið

Sólarlagssigling um höfnina á snekkju með mat og drykk

Áætlaður flugtími

3 klukkustundir og 3 mínútur




Sidney.



ÁSTRALÍA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



★★★★★

CAPELLA SYDNEY

ÁSTRALÍA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



24.–25. mars 2027

SINGAPÚR

Singapúr, alþjóðleg borg og eybjóð í Suðaustur-Asíu, er þekkt fyrir nútímalega borgarmynd sína og menningarlega fjölbreytni. Borgin blandar saman malasískum, kínverskum, indverskum og vestrænum áhrifum sem endurspeglast í matargerð, hátíðum og byggingarlist s.s. eins og hverfunum **Chinatown** og **Little India**. Áhugaverðir staðir eru m.a. framúrstefnulegu **Gardens by the Bay**, táknræna **Marina Bay Sands** og fjöruga **Orchard Road**. Singapúr er lífleg miðstöð nýsköpunar, grænna svæða og ríkrar arfleifðar.

Hótel

The Fullerton Hotel Singapore

Innifalin afþreying

Sigling um síki Singapore beint frá hótelinu
Skoðunarferð um Kínahverfið

Áætlaður flugtími

8 klukkustundir og 53 mínútur



Singapore.



SINGAPÚR

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



★★★★★

THE FULLERTON HOTEL SINGAPORE

SINGAPÚR

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027



KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



25.–28. mars 2027

SRÍ LANKA

Srí Lanka, eybjóð í Indlandshafi, er þekkt fyrir ríka sögu og náttúrufegurð. Landið státar af fjölbreyttri menningu sem mótast hefur af búddisma, nýlenduarfleifð og líflegum hefðum. **Suðurströnd** Sri Lanka er umvafin gullinni sandströnd og pálmatrjám, þar sem Indlandshafið dynur við klettana. Sannkölluð paradís við hafið þar sem sameina má slökun og ævintýri, meðal annars með heimsókn í **Yala National Park** þar sem fjölbreytt dýralíf og stórbrotin náttúra bíða.

Hótel

Anantara Sri Lanka

Innifalin afþreying

Hálfsdagsferð í dýralífsskoðun í þjóðgarð
Kvöldverður á hótelinu

Áætlaður flugtími

3 klukkustundir og 53 mínútur



SRÍ LANKA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



★★★★★

ANANTARA SRI LANKA

SRÍ LANKA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027



KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



28.–31. mars 2027

KENÍA NAIROBI

Nairobi, höfuðborg Kenía, er lífleg borg þekkt fyrir einstaka blöndu af borgarlífi og nálægð við náttúruna. Hún er menningarmiðstöð með ríka arfleifð sem endurspeglast í söfnum, tónlist og líflegum mörkuðum. Helstu áhugaverðu staðirnir eru **Nairobi þjóðgarðurinn**, þar sem villt dýr ganga nálægt borginni, **David Sheldrick Wildlife Trust** og **Giraffe Centre**. Nairobi býður upp á einstaka blöndu af nútíma þéttbýli, sögu og náttúrufegurð.

Hótel

Glee Hotel

Innifalin afþreying

Safari ferð og heimsókn í Gíraffagarð
Kvöldverður ásamt sýningu þar sem dansarar og tónlistarfólk skemmta
Heimsókn í safn Karen Blixen og hádegisverður á samnefndum veitingastað
Kveðjukvöldverður á hótelinu

Áætlaður flugtími

6 klukkustundir og 52 mínútur



Gíraffafjölskylda og Nairobi, höfuðborg Kenía.



KENÍA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.–31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR




★★★★★

GLEE HOTEL

KENÍA

HEIMSREISA KOLUMBUS ÆVINTÝRAFERÐA, 4.-31. MARS 2027

KOLUMBUS
ÆVINTÝRAFERÐIR



31. mars 2027

HEIMFERÐ

Flogið verður til Íslands með viðkomu í Apenu.

Áætlaður flugtími

6 klukkustundir og 10 mínútur til Apenu
og 6 klukkustundir til Keflavíkur

VERÐ

8.950.000 kr. pr. mann í tveggja manna herbergi.

Aukagjald fyrir gistingu í eins manns herbergi er 950.000 kr.

Greiða þarf 1.500.000 kr. staðfestingargjald pr. mann.

Eftirstöðvar þarf að greiða í þrennu lagi; dagana 20. ágúst, 20. nóvember og 28. desember 2026.

INNIFALIÐ

- 14 flugferðir og rúmlega 70 klst. flug umhverfis jörðina með einkabotu Loftleiða, 2 x 23 kg töskur, allir skattar og gjöld
- Farangursþjónusta frá flugvél að hóteli og til baka á flugvöll
- Rútur til og frá flugvöllum og í skoðunarferðum
- Aðgöngumiðar í skoðunarferðir sem eru innifaldar í ferðinni ásamt innlendum leiðsögumönnum
- Fullt fæði og allir drykkir á öllu flugi
- Morgunverður á hótelum
- Fæði þar sem það er tekið fram í ferðalýsingu

EKKI INNIFALIÐ

- Vegabréfsáritanir
- Þjóf fé þar sem það á við

FARARSTJÓRN

Sigurður K. Kolbeinsson, forstjóri Kolumbus ævintýraferða, verður fararstjóri í þessari ferð og nýtur aðstoðar Hildar Jónsdóttur, tæknilegs fararstjóra, auk annarra sérhæfðra starfsmanna ferðaskrifstofunnar.

BÓKANIR

Í boði eru 50 sæti og eru þau öll með sömu lúxus útfærslu hvar sem setið er í vélinni. Hægt er að óska eftir sætisvali í röðum 1-13 (tvö og tvö sæti saman) beint í framhaldi af pöntun.

Vinsamlegast sendið okkur póst á niko@niko.is með óskum ykkar.

Allar frekari fyrirspurnir sendist til Sigurðar K. Kolbeinssonar á netfangið skk@niko.is og verður svarað samdægurs.

SMELTU HÉR TIL AÐ BÓKA SÆTI Í FERÐINA

Athugið

Við áskiljum okkur rétt á að breyta dagskrá með stuttum fyrirvara gerist þess þörf vegna óviðráðanlegra atvika. Í ferðum á vegum Kolumbus þurfa farþegar að vera færir um að komast leiðar sinnar óstuddir því alltaf er um einhverjar göngur að ræða sem tengjast skoðunarferðum þó svo þær sé ekki mikið á fótinn né mjög langar.

Ferð þessi er unnin og seld í samstarfi við Risskov Rejser í Danmörku sem eru meðlimir í danska Ferðatryggingasjóðnum. Sjóðurinn ábyrgist fjárhagslegt tjón ferðalanga komi til ferðarofs sem rekja má til gjaldþrots ferðaskrifstofunnar.



KOLUMBUS

ÆVINTÝRAFERÐIR